



Reykjavíkurborg

2011

# STARFSÁÆTLUN Í MANNRÉTTINDAMÁLUM



Mannréttindaskrifstofa

Málefni fatlaðra í  
forgrunni

## Inngangur

Samkvæmt Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar frá árinu 2006 ber mannréttindaráði að vinna framkvæmdaáætlun/starfsáætlun í mannréttindamálum í samvinnu við svið og skrifstofur borgarinnar, hagsmunahópa, samhliða starfs- og fjárhagsáætlunum. Tilgangurinn með áætluninni er fyrst og fremst að forgangsraða verkefnum og samhæfa vinnu sviðanna og starfsemi mannréttindaskrifstofu í málaflokknum. Unnin hefur verið stefnumótun og sérstök aðgerðaráætlun í innflytjendamálum sem samþykkt var í borgarstjórn í mars 2009 og tekur á málefnum tengdum uppruna og þjóðerni. Mannréttindaráð og mannréttindaskrifstofa bera ábyrgð á að framfylgja þeirri aðgerðaráætlun og eru þau verkefni ekki sérstaklega tilgreind hér. Rétt er að vekja athygli á því að starfsmannastefna Reykjavíkurborgar tekur til ýmissa þátta er lúta að mannréttindum starfsmanna.

## Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar

Mannréttindaráð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt fyrir ráðið, samþykkttri í borgarstjórn 18. desember 2007. Ráðið starfar í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma sem og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málum sem heyra undir verksvið þess. Mannréttindaráð sinnir stefnumótun á sviði mannréttindamála hjá Reykjavíkurborg og sér til þess að henni sé framfylgt. Ráðið kallar árlega eftir starfsáætlunum í mannréttindamálum frá sviðum borgarinnar og skýrslu um framkvæmd stefnunnar. Mannréttindaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur mannréttindastjóra að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsroðun ráðsins. Mannréttindaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið er skipað sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar. Borgarstjórn kaus síðast í ráðið í maí 2010.

**Fulltrúar**

Margrét Sverrisdóttir, formaður  
Margrét Kristín Blöndal  
Björn Gíslason  
Jörundur Ragnarsson  
Bjarni Jónsson  
Elín Sigurðardóttir  
Pórey Vilhjálmisdóttir  
SJÓN (Sigurjón B. Sigurðsson) – í leyfi frá 01.07.2010-01.07.2011.

**Varafultrúar**

Heiða Kristín Helgadóttir  
Eva Baldursdóttir  
Ingibjörg Óðinsdóttir  
Snærós Sindradóttir  
Sveinn H. Skúlason  
Ingibjörg Stefánsdóttir

**Mannréttindaskrifstofa**

Mannréttindaskrifstofu ber að vinna með mannréttindaráði og fylgja eftir ákvörðunum þess. Einnig ber skrifstofunni að:

- Fylgja eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við mannréttindaráð
- Efla samráð innan borgarinnar í þeim málum sem stefnan nær til.
- Eiga samvinnu við félagasamtök og önnur sveitarfélög í málum sem stefnan nær til.
- Eiga samráð við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðunum.
- Eiga frumkvæði að verkefnum.
- Standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

**Mannréttindastjóri**

Verkefni mannréttindastjóra markast meðal annars af því að fylgja eftir ákvörðunum mannréttindaráðs. Jafnframt er það í verkahring mannréttindastjóra að efla samráð innan borgarinnar á sviði mannréttindamála meðal annars með samstarfi við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðum borgarinnar. Þá tekur mannréttindastjóri þátt í margháttuðu samstarfi við aðra aðila sem sinna mannréttindamálum hér á landi, s.s. við opinberar stofnanir, félagasamtök og önnur sveitarfélög.

## Mannréttindafulltrúar

Á hverju sviði borgarinnar eru tilnefndir mannréttindafulltrúar eins og fram kemur í 11. kafla mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og hafa þeir umsjón með gerð mannréttindaáætlana á sviðunum. Til að tryggja samþættingu mannréttindamála og upplýsingaflæði heldur mannréttindastjóri reglulega samráðsfundi með mannréttindafulltrúum borgarinnar.

## Mannréttindafulltrúar sviða eru:

Helga Björg Ragnarsdóttir  
Ragnildur Helgadóttir  
Hrafnkell Tjörvi Stefánsson  
Heiðrún Aðalsteinsdóttir  
Jóhanna Marteinsdóttir  
Helga Laxdal  
Magnús Arnar Sveinbjörnsson  
Erla Hrönn Vilhjálmisdóttir  
Árni Ragnar Stefánsson

Framkvæmdasvið  
Íþrótt- og tómstundasvið  
Leikskólasvið  
Menningar- og ferðamálasvið  
Menntasvið  
Skipulags- og byggingasvið  
Umhverfis- og samgöngusvið  
Velferðarsvið  
Mannauðsskrifstofa

## Kynningastarf

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar sér um að kynna starfsáætlunina fyrir æðstu stjórnendum sviða borgarinnar. Fræðsla til millistjórnenda og starfsmanna um mannréttindamál almennt og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kvenna og karla er í höndum mannréttindastjóra og mannréttindafulltrúa sviðanna.

## Markmið og aðgerðir

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar segir að borgaryfirvöld skuldbindi sig til að vinna að mannréttindum á fjórum megin sviðum þar sem hvert svið fyrir sig endurspeglir margþætt hlutverk og skyldur sveitarfélags sem stjórnvalds, sem atvinnurekanda, veitanda þjónustu og samstarfsaðila þeirra sem vilja beita sér í

þágu mannréttinda. Í þessari starfsáætlun eru sett fram markmið mannréttindanefndar, lagðar til aðgerðir til að ná settum markmiðum, gerð grein fyrir hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra og innan hvaða tímamarka þau skuli unnin.

Markmið	Aðgerð/ir	Ábyrgð	Tími
1. Tryggja samvinnu við svið borgarinnar í mannréttindamálum	1.1 Styrkja tengslanet mannréttindafulltrúa með reglubundnum fundum og fræðslu	Mannréttindastjóri	Viðvarandi
	1.2 Kynna mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar fyrir starfsmönnum borgarinnar	Mannréttindastjóri og mannréttindaskrifstofa	Viðvarandi
	1.3 Tryggja stjórnendafræðslu um þá þætti sem mannréttindastefnan snýr að	Mannréttindastjóri	Viðvarandi
	1.4 Útgáfa rafræns fréttablaðs 2 sinnum á ári til starfsmanna borgarinnar	Mannréttindaskrifstofa	2011
2. Gæta þess að mannréttindastefnan sé höfð til hliðsjónar við úthlutun styrkja borgarinnar	2.1 Minna formenn nefnda og ráða og sviðsstjóra á þetta með bréfi með vísan í greinar 9.2 og 9.3. í mannréttindastefnu	Mannréttindastjóri f.h. mannréttindaráðs	Í kjölfar styrkauglýsinga Reykjavíkurborgar
3. Eiga samvinnu við borgarbúa um mannréttindamál	3.1 Halda árlegan mannréttindadag Reykjavíkurborgar ásamt afhendingu árlegrar viðurkenningar	Mannréttindaráð	16. maí ár hvert

	3.2 Halda opinn fund mannréttindaráðs	Mannréttindaráð	Í desember ár hvert
	3.3 Minna á aðild Reykjavíkurborgar að "Cities for life" Lífsborgin þann 30. nóvember	Mannréttindaskrifstofa/Mannréttindaráð	Árlega
4. Þjónusta borgarinnar sé aðgengileg fyrir alla hópa samfélagsins	4.1 Vefsíða mannréttindaskrifstofu sé aðgengileg öllum hópum borgarsamfélagsins	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við þjónustuskrifstofu	
5. Auka öryggi borgarbúa	5.1. Í samstarfi við samstarfshóp um miðborg og sérstakt átaksverkefni mannréttindaskrifstofu	Mannréttindaskrifstofa ásamt hagsmunahópum í miðborg	2011
6. Treysta lýðræðislega stjórnun borgarinnar þannig að hún endurspegli eins og kostur er kynjahlutfall íbúa	6.1 Framboðum til sveitastjórnar verði sent bréf þar sem minnt er á mikilvægi jafnrar þátttöku karla og kvenna í ráðum og stjórnun borgarinnar	Mannréttindastjóri f.h. mannréttindaráðs	Í aðdraganda kosninga
	6.2 Gera úttekt á kynjahlutföllum í nefndum, ráðum og stjórnun a.m.k. einu sinni á kjörtímabili. Upplýsingar verði birtar á vefsíðu og lagðar fyrir mannréttindaráð	Mannréttindaskrifstofa	Í byrjun kjörtímabils og oftár ef þurfa þykir
	6.3 Setja fram tölfræðilegar upplýsingar um stöðu kynjanna 8. mars ár hvert	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við borgarhagfræðing	Viðvarandi
7. Að jafna stöðu kvenna og karla í borgarsamfélaginu	7.1 Vinna að útfærslu aðgerðaráætlunar í tengslum við Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla	Mannréttindaskrifstofa	2011-2012
8. Vekja athygli á þætti kvenna í sögu borgarinnar	8.1 Vinna að árlegum degi helguðum minningu baráttukvenna	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við forsætisnefnd	Árlegt 19. Júní

9. Vinna gegn stöðluðum kynjamyndum	9.1 Útfærsla verkefna vegna ákvörðunar menntaráðs	Mannréttindaskrifstofa	2011
10. Að vinna gegn kynbundu ofbeldi	10.1 Vinna aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundu ofbeldi	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við starfshóp skipaðan fulltrúm stofnana Reykjavíkurborgar	2011
11. Gæta jafnræðis við ráðningar, tilfærslur í störfum og við launasetningu hjá Reykjavíkurborg	11.1 Skoðun á kynbundinum launamun	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannauðsskrifstofu og nmannréttindafulltrúa sviða	2011
	11.2 Tryggja að viðhlítandi gögn um hlutfall kynja í stjórnendahópnum og starfsmanna liggi fyrir	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við mannauðsskrifstofu	Árlegt
12. Þjónusta borgarinnar höfði jafnt til beggja kynja.	12.1 Greina notkun og tegundir þjónustu eftir stöðu kynjanna	Mannréttindafulltrúar sviða	Viðvarandi.
13. Vinna að jafnréttisfræðslu	13.1 Áfram verði unnið að verkefninu "Jafnrétti í skólum" í samstarfi við menntasvið.	Samvinnuverkefni mannréttindaskrifstofu, menntasviðs, Vogaskóla og Jafnréttisstofu	2011
14. Tryggja þjónustu við fatlað fólk	14.1 Fylgja eftir flutningi málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Einkum með tilliti til réttindagæslu og eftirlits	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við velferðarsvið	2011
	14.2 Setja af stað ábendingagátt vegna þjónustu við fatlaðra við yfirfærslu málaflokksins	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við velferðarsvið	2011

15. Bæta aðgengi fatlaðra í öllum stofnunum borgarinnar	15.1 Unnið verði að endurbótum á eldri húseignum borgarinnar.	Í samvinnu við aðgengisnefnd framkvæmdasviðs.	2011
16. Móta stefnu í atvinnumálum fatlaðra hjá Reykjavíkurborg	16.1 Að Reykjavíkurborg móti sér stefnu um samfélagslegu skyldu sína sem atvinnuveitandi fatlaðra	Mannréttindaráð/mannréttindaskrifstofa í samvinnu við svið borgarinnar	2011
17. Tryggja skjól fyrir erlenda rithöfunda sem verða fyrir ofsóknum	17.1 Vinna að útfærslu skjólborgaverkefnis-ICORN	Mannréttindaráð í samvinnu við menningar-og ferðamálaráð	2011-2012
18. Að tryggja ráðgjöf til innflytjenda í borginni	18.1. Vinna að stefnumörkun í þjónustu við innflytjendur	Eftirfylgni af hálfu mannréttindaskrifstofu	2011
19. Bæta upplýsingaflæði til íbúa af erlendum uppruna og einfalda þeim aðlögun og búsetu í borginni	19.1 Efla aðgengi upplýsinga á vef borginnar	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við þjónustuskrifstofu	2011-2012
	19.2 Samræma vinnureglur um túlkþjónustu fyrir borgarbúa, m.a. í foreldraviðtölum í leik- og grunnskólum	Mannréttindastjóri í samvinnu við Þjónustumiðstöð miðborgar og hlíða.	2011
20. Fagna fjölbreytileika borgarinnar og stuðla að samstarfi við innflytjendur	20.1 Kallað verði eftir viðhorfi innflytjenda til þjónustu Reykjavíkurborgar og leitað leiða til úrbóta í samvinnu við Fjölmeningarráð	Mannréttindaskrifstofa.	2011
	20.2 Undirbúa ásamt Fjölmeningarráði árlegan fjölmeningardag	Mannréttindaskrifstofa	Viðvarandi



	20.3 Aðstoða Fjölmenningsráð Reykjavíkurborgar í störfum sínum	Mannréttindaskrifstofa	2011
21. Auðvelda innflytjendum að starfa hjá Reykjavíkurborg	21.1 Erlendum starfsmönnum Reykjavíkurborgar standi til boða íslenskukennsla á vinnutíma.	Mannréttindaskrifstofa/mannréttindaráð í samvinnu við félagsmálaráðuneyti og þjónustumistöð miðborgar og hlíða	2011
22. Auka lífsgæði eldri borgara	22.1 Skoða mögulega samstarfsverkefni ungrir kenna öldruðum	Mannréttindaskrifstofa-Menntasvið-ÍTR	2011
23. Að auka lýðræðislega þátttöku eldri borgara og barna	23.1. Kalla eftir upplýsingum frá sviðum borgarinnar um slík verkefni, dæmi Nóaborg og Frostskjól	Svið borgarinnar	
24. Tryggja jafnræði í gjaldskrá	24.1 athuga möguleika á samræmingu á gjaldskrá útfrá aldri: börn/unglingar/fullorðnir	Svið borgarinnar	
25. Að tryggja trúfrelsi	25.1. Að fylgja eftir að reglum um samskipti leik og grunnskóla og trúar og lífskoðunarhópa sé fylgt	Mannréttindaráð/mannréttindaskrifstofa	Viðvarandi
26. Millimennigafræðsla	Að tryggja námskeið vegna millimennigafræðni til starfsmanna borgarinnar	Mannréttindaskrifstofa	2011
27. Fatlaðir og kyn	Tryggja tölulegar upplýsingar vegna þjónustu við fatlaða eftir kyni	Mannréttindaskrifstofa	2011
28. Jafningjafræðsla í grunnskólum- innflytjendur og fatlaðir	Vinna að Evrópuverkefni –Progress- vegna jafningjafræðslu fatlaðra og innflytjenda	Mannréttindaskrifstofa í samvinnu við Samtökin 78, Alþjóðatog ungmenna, Átak og BUSL	2011

---

Almennt
Kyn
Fatlaðir
Innflytjendur
Aldur
Trúabrögð